

BALL – Be Active through Lifelong Learning

Verkefnislýsing – ágríp

Forsendur

Sífelld stærrí hluti fólks í iðnvæddum ríkjum er lengur á eftirlaunaaldri en áður. Auknar lífslíkur munu leiða til stöðugrar aukningar í fjölda fólks á eftirlaunaaldri, „þriðja æviskeiði“ sínu. Í Evrópu má búast við að allt að fjórðungur íbúa verði í þessari stöðu. Af þeirri þróun leiðir að afar mikilvægt verður fyrir Evrópu framtíðarinnar að tryggja þessum stóra hópi borgara bestu möguleg lífsgæði og sjá til þess að mikilvæg þekking þerra og reynsla verði aðgengileg og nýttist yngri kynslóðum og samfélaginu í heild. Þetta eru meginforsendur BALL-verkefnisins, en það beinist að því að auðvelda leiðina að starfslokum með því að skipuleggja slíkar fyrirsjáanlegar breytingar með góðum fyrirvara, sem er senda þess að geta átt ánægjulegt og ríkt líf á „þriðja æviskeiðinu“.

BALL- verkefnið

Verkefnið bregst við brynni þörf til að þróa leiðbeiningar og aðferðir til aðstoðar hverjum og einum til þess að undirbúa starfslok sín og „þriðja æviskeiðið“ með góðum fyrirvara. Lögð er áhersla á nám, umhverfi og andblæ menningar, og miðlun þekkingar. Þessi nýskapandi nálgun hefur lítt eða ekki áður verið reynd. Niðurstöðunum er beint til allra þeirra aðila sem áhuga hafa á að bjóða almennum borgurum, félögum samtaka eða starfsmönnum fræðslu um það hvernig nálgast megi starfslok. Við hyggjumst auka vitund samfélagsins um hinn gríðarmikla og sívaxandi auð sem felst í þekkingu og reynslu fólks á „þriðja æviskeiðinu“ og mikilvægi hans fyrir samfélagið í heild sem og einstaklinginn sjálfan.

Markmið

Helstu markmið verkefnisins eru að þróa framsæknar og nýskapandi leiðbeiningar og ráðleggingar sem munu nýtast símenntunarmiðstöðvum, háskólum, fyrirtækjum, stéttarfélögum, félagasamtökum, sveitarfélögum og samtökum sveitarfélaga sem þurfa og vilja undirbúa og hvetja einstaklinga á þeirra vegum til þess að undirbúa „þriðja æviskeiðið“. Við munum nýta verkefnið og niðurstöður þess til að auka vitund manna um þessi mikilvægu málefni og miðla niðurstöðunum um gervallt Evrópska Menntunarsvæðið og hið alþjóðlega samstarfsnet háskóla þriðja æviskeiðsins, U3A.

Þátttakendur

Verkefnið er samstarfsverkefni fjögurra aðila. Evris ráðgjafarfyrirtækið er umsóknaraðili og ber ábyrgð á verkefnisstjórnun og heildarskipulagi. U3A Reykjavík eru samtök sem bjóða félögum sínum á „þriðja æviskeiðinu“ virkan samstarfsveitvang í andblæ fræðslu og menningar. Háskóli þriðja æviskeiðsins í Lublin, Póllandi (Lublin University of the Third Age, LUTW) starfar í umboði fimm háskóla í Lublin og ber skipulagslega og akademíska ábyrgð á samtökum hins frjálsa pólska háskóla (Society of the Polish Free University). Öldrunarfræðisvið háskólans hefur það hlutverk að skapa vinalegt og hvetjandi umhverfi fyrir fólk á eftirlaunaaldri og bjóða þeim tækifæri til þess að hittast, samverka, stunda nám og auðga tiveru sína. Símenntunarháskólinn (The Permanent University, UPUA) í Alicante á Spáni er áætluð á sviði vísinda, menningar og félagsmála, sem þróuð hefur verið á vegum Alicanteháskóla (the University of Alicante) til að efla vísindi, menningu og samskipti kynslóðanna með það að markmiði að auka lífsgæði eldri borgara.

Verkþættir

Í verkefninu verður lögð áhersla á að varpa ljósi á núverandi stöðu þessara mála í löndum samstarfsaðilanna með rannsókn og kortlagningu, meðal annars með sérstakri könnun í hverju landi. Könnunin á að greina skoðanir og væntingar til starfsloka hjá marktæku úrtaki einstaklinga í hverju þeirra. Unnið verður síðan úr niðurstöðum þessara rannsókna og kannana, meðal annars með samanburðarathugunum, sem endanlegar niðurstöður og leiðbeiningar verða síðan byggðar á. Tilraunanámskeið verður síðan haldið í hverju landi til að gagnreyna leiðbeiningarnar og að því loknu verða þær birtar og gefnar út.

Aðferðafræði

Verkefnið verður unnið með rannsóknum, kortlagningu og könnun á núverandi stöðu í löndum samstarfsaðilanna í samræmi við viðurkenndar leiðir í aðferðafræði félagsvísinda. Niðurstöðurnar verða prófaðar í tilraunanámskeiðum sem gætu orðið fyrirmyndir þess hvernig leiðbeiningar og ráðleggingar þeirra kæmu best að notum.

Áætlaðar niðurstöður og áhrif

Verkefnið mun leiða af sér leiðbeiningar og ráðleggingar til ákveðinna hagsmunaaðila þar sem tíundaðar verða vænlegustu leiðir ("best practices") við að búa einstaklinga undir starfslok með góðum fyrirvara: Ánægja og virkni á „þriðja æviskeiðinu“. Niðurstöður verkefnisins munu hafa áhrif til þess að virkja, leiðbeina og hvetja samtök, stofnanir og fyrirtæki til að skipuleggja hvetjandi og fræðandi viðburði og aðstoða meðlimi og starfsmenn sína við að átta sig á mikilvægi þess að undirbúa starfslok með góðum fyrirvara.

Möguleg langtímaáhrif

Gert er ráð fyrir því að rannsóknnum þeim sem ráðist verður í, leiðbeiningum þeim og ráðleggingum sem fram koma, verði miðlað víða og að það efni sem til verður muni nýtast til framtíðar í nýjum verkefnum til langs tíma litið. Samstarfaðilar verkefnisins og þeir hagsmunaaðilar sem virkjaðir verða munu vissulega nýta niðurstöðurnar til framtíðarvirkni. Allir samstarfsaðilarnir eru tengdir hinu alþjóðlega neti háskóla þriðja æviskeiðsins (U3A) sem verður vettvangur miðlunar á niðurstöðunum, sem síðan mun hafa áhrif á framtíðarstarfsemi þessara systursamtaka.